

Skýrsla stjórnar Rótarýklúbbs Reykjavík Miðborgar

Starfsárið 2017-2018:

Forseti: Svanhildur Blöndal

Viðtakandi forseti: Stefán Stefánsson

Ritari: Gunnhildur Arnardóttir

Gjaldkeri: Magnús Harðarson

Stallari: Davíð Stefán Guðmundsson

Fráfarandi forseti: Thomas Möller

Starfsárið 2018-2019:

Forseti: Stefán Stefánsson

Viðtakandi forseti: Guðrún Ragnarsdóttir

Ritari: Íris Baldursdóttir

Gjaldkeri: Sævar Kristinsson

Stallari: Sigrún Jóhanna Þórisdóttir

Fráfarandi forseti: Svanhildur Blöndal

Ágætu rótarýfélagar,

Ég býð ykkur hjartanlega velkomin á síðasta rótarýfund á þessu starfsári sem nú er senn að ljúka. Í dag er 38. fundur þessarar stjórnar og númer 1.054 frá upphafi. Eins og ykkur er kunnugt tóku gildi nýjar reglur hjá Rotary International sem Knútur Óskarsson umdæmisstjóri kynnti á fundi hjá okkur í vetur. Samkvæmt nýju reglunum skal halda að minnsta kosti 26 fundi á starfsári.

Á stjórnarfundi í vetur var tekin ákvörðun um að síðasti fundurinn fyrir sumarfrí yrði í lok maímánaðar. En formleg stjórnarskipti fara hins vegar ekki fram fyrr en 1. júlí en það er samkvæmt reglum Rotary International. Stjórnin er í góðum samskiptum og samstarfi við þau sem taka við í næstu stjórn. Reynsla okkar hér í stjórninni er að það er betra að undirbúa tímanlega stjórnarskipti fyrir sumarfrí. Margir eru í sumarfríum hér á landi einmitt í júlímánuði og því er gott að hafa undirbúið störf gjaldkera og einnig ritara fyrir fyrsta júlí.

Eins og rótarýfélagar vita erum við Íslendingar áhugasamir um ferðalög og núna, þegar sumarið er komið eru margir á faraldsfæti bæði hér innanlands og erlendis sem hefur auðvitað áhrif á fundarsókn yfir sumartímann. Ég vona að þið félagar njótið sumarsins og hafið frá mörgu að segja þegar við hittumst næst á rótarýfundi 20. ágúst nk.

Rótarýfundirnir í vetur hafa bæði verið fróðlegir, fjölbreyttir og áhugverðir. Enda hefur það verið helsti styrkur og einkenni klúbbsins okkar að bjóða metnaðarfulla dagskrá. Er það ekki líka þannig að þekkingarleit og virðing í góðum félagsskap eyðir tortryggni og hvetur til góðvildar og umhyggju fyrir fólki?

Ég vil þakka félögum sem sátu í nefndum klúbbsins fyrir þeirra framlag. Við höfum fengið til okkar marga góða fyrirlesara, alls voru erindin í vetur 33 talsins. Jólafundurinn var haldinn hátíðlegur í desember. Þar kom fram söngkonan Una Stefánsdóttir sem söng eftirminnilega fyrir okkur og sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson flutti jólahugvekju með persónulegu ívafi sem rótarýfélagar og gestir kunnu vel að meta.

Í byrjun október heimsótti umdæmisstjórinn Knútur Óskarsson klúbbinn. Knútur kynnti meðal annars þemað sem hann valdi sér fyrir starfsárið 2017-2018, „*Kannski er næsta kynslóð, kynslóðin sem getur*“. Þemað tengist áherslum Rótarý í mannúðar-, umhverfis- og friðarmálum. Umdæmisstjórinn sagði meðal annars frá nýjum reglum Rotary International, eins og ég hef þegar komið inn á. Sömuleiðis hvatti umdæmisstjórinn stjórnina til að vinna vel að undirbúningi Rótarýdagsins sem haldinn yrði 24. febrúar. Meginviðfangsefnið Rótarýdagsins var að „Láta rödd Rótarý heyrast“ í sínu nærumhverfi. En það eru einmitt einkunnarorð alþjóðaforsætans Ian Riseleys „Rotary Making a Difference“. Það má segja að það sé kjarninn í starfi rótarýklúbba. Rótarýdagurinn var síðan haldinn í Háskóla Reykjavíkur og þema dagsins var *umhverfismál*. Fyrirlesarar voru: Jakob Frímann Magnússon, framkvæmdastjóri Miðborgar Reykjavíkur, Ragna I. Halldórsdóttir, deildarstjóri í umhverfis- og fræðsludeild Sorpu og Thomas Möller verkfræðingur. Fyrirlestrarnir voru mjög skemmtilegir og áhugverðir en því miður var þátttaka félagsmanna mjög dræm og misstu margir að þessum áhugaverða degi. Jakob Frímann Magnússon fjallaði um umhverfisvernd frá persónulegu sjónarmiði. Hann varpaði því fram að fólk ætti alltaf að efast um að allar framfarir væru jákvæðar.

Ragna I. Halldórsdóttir fjallaði um flokkunarkerfi Sorpu. Einnig var fjallað um metanframléiðslu Sorpu.

Thomas Möller fjallaði meðal annars um að við sem einstaklingar eigum að láta umhverfið okkar varða. Mikilvægt er að byrja heima, flokka sorpið rétt, nota margnota burðarpoka og margnota umbúðir. Hætta að nota plast. Hann benti á að Íslendingar væru með eitt mesta vistspor í heiminum þannig að við sem þjóðfélagsþegar þurfum að taka okkur verulega á í umhverfismálum.

Ég vil þakka Sólveigu Baldursdóttur formanni nefndarinnar sem hafði veg og vanda að undirbúningi Rótarýdagsins og Thomasi Möller fyrir allar hans góðu hugmyndir og aðstoð. Sömuleiðis þakka ég Hrefnu Sigríði Briem fyrir hennar framlag á þessum degi.

Alheimsforseti Rótarý 2017-2018 setti sér það markmið að vinna að fræðslu í umhverfismálum, ekki hvað síst varðandi kolefnisbindingu, hvort sem um er að ræða endurheimt votlendis, landgræðslu eða gróðursetningu trjágróðurs. Hann óskaði eftir því að hver rótarýfélagi gróðursetji að minnsta kosti eitt tré á starfsárinu. Sömuleiðis fór Knútur Óskarsson umdæmisstjóri þess á leit við klúbbana að leggja sitt af mörkum og gróðursetja plöntur á starfsárinu. Jafnframt lagði hann til að klúbbarnir héldu fræðsluerindi á þessu sviði. Við í stjórninni brugðumst við þessari beiðni og fengum til okkar Gústaf Jarl Viðarsson skógfræðing sem kom og var með fyrirlestur um skógrækt og uppgræðslu í Reykjavík. Í lok maímánaðar fóru síðan rótarýfélagar upp í Heiðmörk og gróðursettu tré undir handleiðslu skógfræðingsins Gústafs Jarls. Áður hafði félagi okkar Margrét Guðmundsdóttir skógarbóndi flutt afar fróðlegt erindi sem hún nefndi: *Lífið sem skógarbóndi og þátttakandi í landshlutaverkefni í skógrækt*.

Umdæmisstjórinn Knútur Óskarsson kom aftur á fund í mars og afhenti klúbbnum viðurkenningarskjal frá alþjóðlega Rótarýsjóðnum. Rótarýklúbburinn Reykjavík-Miðborg er einn þriggja rótarýklúbba á Íslandi sem safnaði meira en jafnvirði 1.500 USD á starfsárinu 2016-2017 til stuðnings baráttu rótarýhreyfingarinnar gegn lómunarveiki (End Polio Now: Make History Today Campaign). Á móti hverjum bandaríkjadal sem rótarýhreyfingin safnar leggur sjóður hjónanna Melindu og Bill Gates (Bill & Melinda Gates Foundation) til tvo bandaríkjadali til verkefnisins.

Rótarýfélagi okkar Hanna María Sigurgeirsdóttir var heiðruð með Paul Harris viðurkenningunni fyrir störf sín í þágu rótarýhreyfingarinnar og hún er sannarlega vel að því komin.

Í lok marsmánaðar heimsóttu klúbbinn rótarýfélagarnir Jerry Farmer og Jean Jacobsen frá rótarýklúbbum Gateway Rotary Club í Washington-fylki í Bandaríkjunum. Jerry Farmer var með 3 mínútna erindi og sagði lítillaga frá sér og rótarýklúbbum sem er staðsettur í borginni Lacey. Síðan var skiptst á rótarýfánum.

Tveir rótarýfundir voru haldnir utan hins hefðbundna fundarstaðar. Fyrst er að nefna að farið var í hús Vigdísar, *Veröld* í lok febrúarmánaðar. Það var Auður Hauksdóttir sem var leiðsögumaður og sýndi rótarýfélögum húsið. Við fórum í eina fyrirtækjaheimsókn hjá fyrirtækinu Deloitte í Smáralind í Kópavogi. Stjórnarformaður Deloitte Halldór Arason tók á móti okkur ásamt félagi okkar Davíð Stefáni Guðmundssyni sem þar starfar. Á fundinum fór fram kynning á alþjóðlegu umhverfi Deloitte og einnig var sagt frá þeim breytingum sem eiga sér stað hér á landi.

Tveir nýir rótarýfélagar voru teknir inn í klúbbinn. Þær Sigrún Jóhanna Þórisdóttir og Ruth Elfarsdóttir. Mentor Sigrúnar Jóhönnu er Margrét Theodórsdóttir og mentor Ruthar er Guðrún Ragnarsdóttir. Félagar í Rotarý Reykjavík Miðborg eru í dag samtals 80. Kynjahlutföllin eru að konur eru samtals 43 og 37 karlar. Tveir rótarýfélagar gengu úr klúbbum en það voru Almar Guðmundsson og Kristján Bjarki Jónasson.

Félagi okkar Stefán Pálsson einn af stofnfélögum klúbbsins, lést 2. janúar 2018. Hann var alla tíð mjög virkur í okkar félagasskap og setti svip á starfið. Blessuð sé minning hans.

Sumarferð klúbbsins sem ferðanefndin er búin að skipuleggja, verður farin 21. júní og komið í bæinn 24. júní. Að þessu sinni verður farið vestur á firði. Ég vil nota tækifærið og þakka ferðanefndinni fyrir að skipuleggja þessa áhugaverðu ferð.

Stjórnin ákvað að styrkja að þessu sinni *Umhyggju* félag langveikra barna um 300 þúsund krónur og *Ljósíð* um 200 þúsund krónur sem er endurhæfingar-og stuðningsmiðstöð fyrir fólk sem hefur fengið krabbamein og aðstandendur þeirra.

Greitt hefur verið í Polio sjóð Rotary International sem hefur verið langstærsta verkefni Rótarýhreyfingarinnar sl. 30 ár. Einnig hefur verið greitt í SHARE sjóð Rotary International. En sá sjóður vinnur að mörgum þjónustuverkefnum sem Rótarý sinnir. Má þar nefna öflugt friðarstarf, styrki til náms m.a. í friðarfræðum, mæðra og ungbarnavernd, öflun vatns, grunnmenntun og læsi.

Við tókum fagnandi boði Rótarýklúbbs Grafarvogs að selja margnota innkaupapoka með merki Rótarýhreyfingarinnar og í litum Rótarý. Allur hagnaður af sölunni fer í Rótarýsjóðinn. Sala pokana fór strax vel að stað enda rótarýfélagar áhugasamir um að vernda náttúruna og að styrkja gott málefni.

Ég vil þakka Finni Sveinbjörnssyni fyrir að sjá um heimasíðuna. Hann hefur verið duglegur að setja inn fréttir og taka myndir af viðburðum.

Að lokum vil ég þakka það traust sem mér var sýnt að gegna embætti forseta klúbbsins. Þetta er búið að vera áhugaverður og lærdómsríkur tími. Ég er svo heppinn að í stjórninni starfar einstaklega flott og dugandi fólk. Einmitt í þannig stjórn er gott að starfa þar sem jákvæðni, samheldni og mikill vilji til að gera vel er leiðarljós í starfinu. Fyrir það er ég þakklát. Í leiðinni vil ég óska nýjum forseta Stefáni Stefánssyni og nýrri stjórn velfarnaðar.

Fyrir hvað stendur félagsskapurinn Rótarý, spurði góð vinkona mín. Ég sagði henni að Rótarý eflir kynni á milli einstaklinga og starfsstétta með mannúðar-, fræðslu- og upplýsingastarfsemi. Þannig ræktum við mannkærleika, jákvæðni, góðvild og virðingu. Einmitt í þannig félagi vil ég tilheyra.

Takk fyrir.

Yfirlit fund er sem hér segir:

1 - 26. júní		Stjórnarskiptafundur, síðari hluti
2 - 14. ágúst	Þorkell Sigurlaugsson	Starfshópur um umfang og áhrif skattundanskota og skattsvika á ísl. þjóðarbúskap
3 - 21. ágúst	Margrét Hallgrímsdóttir	Kynnir bók sína Þjóðminjar
4 - 28. ágúst	Þórunn Sveinbjörnsdóttir	Grái herinn og baráttumál eldri borgara
	Íris Baldursdóttir	Þriggja mínútna erindi um þýðingu hennar á barnabókum eftir Martin Widmark
5 - 4. sept.	Davíð S. Guðmundsson	Breytingastjórnun í fyrirtækjum
6 - 11. sept.	Birgir Þór Harðarson	Norður-Kórea: Upphaf og yfirvofandi endir
7 - 18. sept.	Anton Máni Svansson	Kvikmyndin Hjartasteinn
8 - 25. sept.	Sólveig Björk Sveinbjörnsd.	Handhafi friðarstyrks Rótarýhreyfingarinnar 2011
9 - 2. okt.	Knútur Óskarsson	Heimsókn umdæmisstjóra rótarýumdæmisins
10 - 9. okt.	Dagur Egonsson	Tilurð og saga Powerade-vestrarhlaupanna
11 - 16. okt.	Anna Sif Jónsdóttir	Störf Reykvíkings ársins 2017 í þágu Breiðholtsskóla og Breiðholtsins alls
12 - 23. okt.	Ragnheiður J. Ingimarsd.	Undirbúningur hátíðarhalda í tilefni af aldarafmæli fullveldis Íslands
13 - 30. okt.	Margrét Guðmundsdóttir	Lífið sem skógarbóndi og þátttakandi í landshlutaverkefninu í skógrækt
14 - 6. nóv.	Þorvaldur Kristinsson	Upplestur úr bókinni Minningabók Helga Tómassonar balletdansara
15 - 13. nóv.	Sigtryggur Baldursson	Útflutningur á íslenskri tónlist

16 - 20. nóv.	Steinþór Skúlason	Sauðfjarrækt og markaðsstaða kindakjöts frá sjónarhóli afurðastöðva
17 - 27. nóv.	Steinunn Kristjánsdóttir	Leitin að klaustrunum - klausturhald á Íslandi í fimm aldir
18 - 4. des.		Jólafundur klúbbsins kl. 18.30
19 - 11. des.	Sigrún Pálsdóttir	Upplstur úr bókinni Refurinn
2018		
20 - 8. jan.	Sigríður Á. Andersen	Helstu verkefni nýrrar ríkisstjórnar, sérsaklega á sviði dómsmálaráðuneytisins
	Þórunn Sveinbjörnsdóttir	Þriggja mínútna erindi um hreyfinámskeið fyrir eldri borgara
21 - 15. jan.	Heiðrún Lind Marteinsd.	Áskoranir í sjávarútvegi - hvernig tryggjum við samkeppnishæfni
	Rannveig Gunnarsdóttir	Þriggja mínútna erindi um nnnnnnnnnnn
		Ruth Elfarsdóttir tekin í klubbinn
22 - 22. jan.	Helga Árnadóttir	Ferðapjónustan og samfélagið
23 - 29. jan.	Hrafnkell Á. Proppé	Borgarlínan
24 - 5. feb.	Þorvaldur Gylfason	Einar Benediktsson
25 - 12. feb.	Hugi Ólafsson	Parísarsamningurinn og staða Íslands
26 - 19. feb.	Erla Björnsdóttir	Betri svefn
27 - 26. feb.	Auður Hauksdóttir	Skoðunarferð um Veröld - hús Vigdísar Finnbogadóttur
28 - 5. mars	Salóme Guðmundsdóttir	Sprotaumhverfið á Íslandi
29 - 12. mars	Sóley Vera Helgadóttir	Reynslan af ungmennaskiptum Rótarý
30 - 19. mars	Margrét Örnólfsdóttir	Með heiminn í vasanum
31 - 26. mars	Jón Snæbjörn Hjartarson	Fjölgun útkalla björgunarsveita og nýliðun
32 - 9. apríl	Margrét Tómasdóttir	Hlutverk talsmanns sjúklinga á Landspítalanum
33 - 16. apríl	Unnur A. Valdimarsdóttir	Áfallasaga kvenna
34 - 23. apríl	Gústaf Jarl Viðarsson	Skógrækt og uppgræðsla í Reykjavík